



Reglur Íþróttta- og afrekssjóðs Sandgerðisbæjar

Markmið Íþróttta- og afrekssjóðs er að styðja við íþróttafólk í Sandgerði sem náð hefur framúrskarandi árangri í sinni grein og hefur hlotið þann heiður að vera fulltrúi íslenskra landsliða í keppni á erlendri grundu en þekkt er að töluverður kostnaður getur hlotist af þátttöku á slíkum mótum og verkefnum og er sjóði þessum ætlað að leggja því íþróttafólki lið.

1. grein

Sjóðurinn heitir Íþróttta- og afrekssjóður Sandgerðisbæjar og er í vörslu frístunda-, forvarna og jafnréttisráðs Sandgerðisbæjar. Sjóðurinn hefur til ráðstöfunar það fjármagn sem bæjarstjórn ákvarðar við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni.

2. grein

Íþróttta- og afrekssjóður Sandgerðisbæjar styrkir landsliðsfólk í þeirra verkefnum á erlendri grundu.

3. grein

Sjóðurinn veitir einungis styrki til íþróttafólks með lögheimili í Sandgerði.

4. grein

Einungis eftirtalin mót eru styrkhæf:

- **Heimsmeistaramót**
- **Evrópumót**
- **Norðurlandamót**
- **Alþjóðleg mót**, þar sem viðkomandi lið/einstaklingur hefur unnið sér þátttökurétt.

Frístunda-, forvarna og jafnréttisráði er heimilt að veita styrk til fylgdaraðila í þeim tilfellum sem viðkomandi umsækjandi þarf á sérstakri aðstoð að halda t.d. vegna fötlunar sinnar.

5. grein

Allar umsóknir sem berast Íþróttta- og afrekssjóði skulu vera sendar af íþróttafélagi/þjálfara sem sækir um fyrir hönd umsækjandans. Umsóknir verða að vera rétt útfylltar.

6. grein

Styrkupp hæð hverju sinni skal jafngilda upphæð forvarnastyrks einstaklings. Hver einstaklingur hefur heimild til að sækja um styrk úr Íþróttá- og afrekssjóði að hámarki þrisvar sinnum á ári.

7. grein

Starfsmanni frístunda-, forvarna og jafnréttisráðs er heimilt að afgreiða umsóknir séu ofangreind skilyrði uppfyllt. Leggja skal reglulega fram yfirlit um afgreiðslu umsókna fyrir frístunda-, forvarna og jafnréttisráð. Ráðið getur endurmetið styrkveitingar telji ráðið rökstudda ástæðu til.

8. grein

Samþykkt á 20. fundi frístunda-, forvarna- og jafnréttisráðs 5. nóvember 2013. Staðfest á 340. fundi bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar 3. desember 2013.